

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Setberg 20 í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. október 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Setberg 20 í Þorlákshöfn. Deiliskipulagið setur skilmála um allt að 89 fermetra viðbyggingu við húsið. Byggingarreitur stækkar til vesturs og norðurs í skot framan við bílskúr og hámarksnýtingarhlutfall verður 0,32.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting fyrir Gljúfurárholt 14 í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. október 2020, breytingu á deiliskipulagi fyrir Gljúfurárholt 14 í Ölfusi. Deiliskipulagsbreytingin setur skilmála um nýjan byggingarreit, allt að 600 fermetrar að grunnfleti, fyrir hús til landbúnaðar-nota.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 2. febrúar 2021.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2021